

Ed.

43. Frumvarp

til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn »erlendur«, ef hann á heimilisfang utan Íslands, enda sje eigi skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðrjettarreglum.

Í lögum þessum telst sá maður »stunda atvinnu« hjer á landi, sem vinnur einhverja vinnu fyrir reikning annars aðilja, enda sje sá eigi fullábyrgur fjelagi hans um þann atvinnurekstur eða það fyrirtæki, sem fyrir er unnið. Ef fullábyrgir fjelagar eru fleiri en 3, teljast þó þeir, sem um fram eru, stunda atvinnu hjá hinum.

»Á Íslandi« merkir i lögum þessum bæði á landi og i landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt skal hverjum þeim, einstökum manni, fjelagi eða stofnun, sem hjer á landi rekur atvinnu, stofnsetur eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka erlenda menn i þjónustu sína hjer á

landi gegn kaupgreiðslu, annari en fæði og húsnæði, hvort sem það er um langan tíma eða skamman.

Þó er aðilja heimilt að taka í þjónustu sína:

1. Erlenda sjerfræðinga við allskonar iðju.
2. Aðra erlenda kunnáttumenn, enda sje eigi kostur slikra manna hjerlendra, og skýri aðili atvinnumálaráðherra þegar frá ráðningunni.
3. Frændur sína að fedgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkin.

Ennfremur mega:

4. Íslensk skip ráða erlenda skipverja innan þeirra takmarka, sem í lögum segir, og
5. Sendimenn annara ríkja hafa erlenda menn í einkaþjónustu sinni.

3. gr.

Erlendum mönnum, sem hingað eru komnir í atvinnuleit eða teknir eru að stunda hjer atvinnu, getur atvinnumálaráðherra vísað úr landi innan ákveðins tíma. Binda má hann og landsvist þessara manna þeim skilyrðum og takmörkunum, sem hann telur þurfa vegna hagsmuna almennings eða ríkis.

Fyrirmæli undanfarandi málsgreinar taka þó ekki til:

1. Erlendra manna, er stunda nám í hjerlendum skólum, sem rikið á eða styrkir.
2. Erlendra manna, sem hjer dveljast til rannsókna eða visindastarfa eða sendir eru af stjórn síns lands til kenslustarfa.
3. Þeirra manna erlendra, sem hjer hafa aðsetur, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef sjerstakar ástæður þykja mæla með því, að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., svo sem ef fáir atvinnuþiggjendur eiga í hlut, eigi þykir unt að koma atvinnu á fót eða fyrirtæki í tækan tíma eða reka það án erlends vinnukrafts, enda þótt notaður sje sá hjerlendur vinnukraftur, sem kostur er á, án hnekkis atvinnuvegum landsins. Leyfi má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, skólalald verkamanna og sjerhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

5. gr.

Nú hefir aðili hjer á landi erlenda verkamenn í þjónustu sinni gagnstætt fyrirmælum 2. gr. og án þess að heimild sje til þess fengin eftir 4. gr., og kveður atvinnumálaráðherra þá upp, svo fljótt sem við verður komið, úrskurð, þar sem aðilja sje bannað að hafa hinn erlenda mann eða erlendu menn í þjónustu sinni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra á fullnaðarúrskurð um heimild aðilja til að ráða

sjer og hafa i þjónustu sinni erlenda menn, um heimild aðilja til að stunda hjer atvinnu og um skilning á undanþágum samkvæmt 4. gr. laga þessara.

7. gr.

Brot gegn úrskurðum samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., þar sem aðilja er bannað að hafa erlenda menn i þjónustu sinni eða að stunda hjer atvinnu, varða sektum, frá 40—10000 kr., til rikissjóðs. Auk þess ber aðilja að hafa flutt ólöglega innflutta verkamenn sina úr landi eða sjeð þeim fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, rikissjóði að kostnaðarlausu. Ennfremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sje sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hinn erlenda vinnukraft til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu verkamenn eru farnir úr landi eða trygt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

8. gr.

Rjett er atvinnumálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er hann hefir óheimilað að stunda atvinnu hjer lögum þessum samkvæmt, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annara, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefir ráðið þá til sin, en ella á eiginn kostnað þeirra.

9. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

10. gr.

Taka skulu fyrirmæli gildandi laga um eftirlit með útlendingum til þeirra erlendra manna, er i lögum þessum getur, að því leyti sem samrýmast má lögum þessum.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1927.